

# Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 05/2015.

---

Reykjavík, 24.02.2015

2015020351

## **Efni: Innköllun á Rapunzel Polenta maísmjöl gróft 500 g.**

Innnes ehf. hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, ákveðið að innkalla frá neytendum Rapunzel Polenta maísmjöl þar sem lyfjavirk efni (atropine og scopolamine) hafa greinst í vörunni sem gerir það að verkum að hún telst ekki örugg til neyslu.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin einskorðast við:

**Vörumerki:** Rapunzel.

**Vöruheiti:** Polenta Maisgrieß.

**Strikanúmer:** 4006040120827.

**Best fyrir:** Allar best fyrir dagsetningar.

**Nettóþyngd:** 500 g.

**Framleiðandi:** Rapunzel Naturkost.

**Framleiðsluland:** Þýskaland.

**Dreifing:** Verslanir um land allt.

Þeim sem keypt hafa þessa vöru er bent á að neyta hennar ekki og farga eða skila henni til þeirrar verslunar þar sem hún var keypt gegn endurgreiðslu. Nánari upplýsingar veitir Halldór Jökull Ragnarsson gæðastjóri Innnes ehf. í síma 660 4033 eða á netfanginu [hjr@innnes.is](mailto:hjr@innnes.is).

